

Nr. 084 / 15 Æskan GK 506***Eldur í vélarúmi og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 1918
Smíðaður: Falmouth, Bretlandi, 1988, plast
Stærð: 8,62 brl. 12,16 bt.
Mesta lengd: 10,59 m *Skráð lengd:* 10,56 m
Breidd: 3,52 m *dýpt:* 1,54 m
Vél: Mermaid 198 kW, 1987
Fjöldi skipverja: 2



Æskan©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi þann 5. desember 2016 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 26. júlí 2015 var Æskan GK 506 á siglingu á Faxaflóa. Veður: NV 3 m/s.

Verið var að sigla bátnum frá Grindavík til Keflavíkur en þegar hann var staddur austur af Garðskaga urðu skipverjar varir við reykjarlykt og þegar þeir litu niður í vélarúm gaus mikill reykur á móti þeim. Þeir lokuðu niður í vél, drápu á henni og settu sjálfvirkt CO₂ slökkvikerfi í gang. Við það fannst þeim reykurinn minnka en svo jókst hann aftur og ákváðu skipverjarnir að óska eftir aðstoð.



Vonin við Æskuna á slystað

Haft var samband við nærstaddan bát Vonina (1631) sem fór á staðinn. Þyrila LHG, TF-LIF sem var á eftirlitsflugi hélt einnig á staðinn og tók hún skipverjana um borð og flutti þá til Reykjavíkur.

Æskan var dregin af Voninni fyrst til hafnar í Garði þar sem síðustu glóðirnar voru slökktar en síðan var farið með hana til Sandgerðis.

Við rannsókn kom fram:

- að eldurinn var staðbundinn stjórnborðsmegin aftast í vélarúminu en þar voru neyslurafgeymar staðsettir. Myndin hér að neðan sýnir brunasvæðið og rauðu örvarnar benda á staðsetningu geymanna. Eins og sést þá voru þeir alveg brunir. Lögregla taldi líklegt að um útleiðslu hefði verið að ræða;



Staðsetning rafgeyma í vélarúmi, brunastaður

- að rafgeymarnir sem brunnu voru um tveggja ára gamlir;
- að sögn skipverja var reykurinn ljós í fyrstu og skrítin lykt af honum. Hann hefði sviðið mikið í augu og öndunarfæri. Með tímanum varð hann svo dekkri;
- að skipverjar voru ekki vissir um hvort þeir hefðu lokað loftinntökum áður en þeir hleyptu kolsýrukerfinu á. Við skoðun kom í ljós að loftinntak í vélarúmið með handfangi í brú var opið og pikkfast. Fram kom hjá skipstjóra að það hefði verið liðugt í síðustu skoðun 21. maí 2015;
- að skipverjarnir höfðu farið í flotbjörgunarbúninga;
- um 200-300 ltr. af olíu var um borð.

Nefndarálit:

Orsök eldsins eru ókunn en nefndin tekur undir þá tilgátu að líklega megi rekja hann til útleiðslu í rafkerfi við rafgeyma.